Bréf frá Kernested hermanni

Heiðraði vin G. Johnson!

Alúðar heilsan til ykar allra, og hjartans þakkir fyrir 2 bréfin, sem eg fékk frá þé og sem voru svo ástúðleg og góð. Eg hefði fyrir löngu verið búinn að svara þeim, hefðu ekki ýmsar utanað ráðandi kringumstæður hamlað því á einn og annan hátt. Eg býst við að þú sért eða að minsta kosti verðir búinn að heyra, að eg hafi særst, þegar þessar línur koma til þín; enda er það svo. Eg er nú á sjúkrahúsi á Englandi. Eg særðist þann 15. þessa mánaðar. Eins og þú munt vera búinn að sjá af blöðunum, þá gjörðum við voðalegt áhlaup á óvini okkar að morgni þess 15. þ. m. Það stóðst ekkert fyrir okkur; það var skotið og lagt á báðar hendur og valköstum hlaðið, eins og sagt er að forfeður vorir hafi gjört í fornöld. Eg sá með mínum eigin augum þetta 5 til 10 Þýzkara liggja í hrúgum saman. Við mistum töluvert af mönnum. Við tókum alt það, er við ætluðum okkur, og meira en það. Eg komst alla leið óskemdur. Það var ekki fyrri en nokkuru á eftir, er við vorum að grafa okkur nýjar skotgrafir, til hlífðar við sprengikúlna-brotum, er sprengikúla sprakk skamt frá því sem eg og 3 aðrir vorum að verki. Við særðumst allir; eg held eg hafi særst minst af okkur. Það sem eg særðist var að brot úr 'schrapnel' fór í gegnum hálsinn á mér að aftan og út um munninn og braut flestallar tennurnar hægra megin uppi og niðri; svo túlinn er hálfsár enn þá. Eg var þrjá daga á sjúkrahúsi á Frakklandi áður en eg var sendur til Englands; þá var ákitið, að eg mundi standast ferðalagið frá hospítalinu og til strandar; vorum við 18 klukkutíma á sjúkralest. Þó vel sé með mann farið og alt reynt að gjöra manni til sem mestra þægindа, þá þreytir mann það ferðalag; því hvað lítill rykkur sem verður á járnbrautarlestinni, sem ómögulegt er að gjöra við, er eins og það fari í gegnum allar manns taugar, sem sárar eru, og olli manni óþægindа. Sex klukkutíma urðum við að bíða eftir skipinu, sem flytja átti okkur yfir sundið; loks kom það og vorum við teknir um borð um kveld; lögðum úr höfn um kl. 11 að kveldi þess 19. þ. m., áleiðis til Southampton, sem við komum til undir morgun. Það var hvast og úfinn sjór, svo að skipið tók sjó á þilfar. Margir fengu sjósótt; en á mig hafði sjóferðin ekki minstu áhrif. Í skipinu vorum við þar til eftir miðjan dag, er við vorum settir á járnbrautarlest og fluttir til þess staðar, sem eg dvel nú á, og sem er War Hospital í Northfield.

Það er sunnudagur 24. sept., er eg er að skrifa þessar línur í rúminu. Mér líður vel í dag, er á ágætuin batavegi.

Ein ástæðan fyrir því, að eg hefi ekki svarað bréfunum þínum, er sú, að 21. ágúst var eg ásamt öðrum sendur norðan frá Ypres og suður til Somme á Frakklandi, til að vinna verk þar, og sem sagt var að væri í skógi og átti að vera sérstaklega gott verk; svo nú átti að gjöra vel til allra þeirra "elztu handa" eða manna og láta þá ganga fyrir að fá það verk. Eg og aðrir tveir úr mínu Company vorum útnefndir til þessarar farar; það voru svo og s o margir frá hverju Company. Þetta lét vel í eyrum og nú voru drengir kátir; en þeir, sem eftir voru, sögðu: Þú ert "lucky."

Nú var lagt upp í ferðalagið, og nú sögðum við hver við annan, að við að öllum líkindum yrðum nú lausir við "Jack Johnson" (sprengikúlurnar stóru) og fleira af því tagi, sem Þýzkir senda okkur daglega í skotgrafirnar. Við gengum 8 mílur til járnbrautarstöðva: þar tókum við eimlestina; það var kl. 4. Nú var lagt af stað suður og var haldið áfram og hvergi stansað það sem eftir var af deginum og alla nóttina til morguns. Þá komum við í nýjan bæ, sem bygður hefir verið síðan stríðið byrjaði. Þar er stórt járnbrautar "yard", og er útlit fyrir, að búist sé við stórum bæ í framtíðinni. Þar vorum við allan daginn og til næsta morguns. En ekki fengum við að fara neitt út um bæjinn; við urðum að halda okkur við eimlestina og þótti sumum það hálfsúrt í broti, því að margur var þar, sem sárlangaði til að komast á þá staði, sem dropinn er seldur. Næsti morgun rann upp friður og fagur, og út var skipun gefin, að lagt yrði af stað kl. 9. Morgunverður var tilreiddur og var hver maður sinn eiginn matreiðslumaður.

Fréttabréf

Næsta morgun var lagt af stað aftur. Nú var uppi fótur og fit á öllum. Þess varð eg var, að sumir af félögum okkar höfðu náð sér í vín kveldið fyrir einhvernveginn, en samt bar ekki mikið á því. Við héldum áfram þann dag. Landi og lands lagi reyndi eg að taka eftir, sem bezt eg gat; en samt ætla eg að sleppa því, að geta nokra lýsingu af því, það yrði of langt fyrir þettta bréf. Eg reyni að gjöra það seinna meir, ef Guð gefur mér líf og heilsu, þó eg viti, að það verður ófullkomið. — Um kveldið náðum við staðar í nokkuð stórum bæ og voruð við teknir úr járnbrautarlestinni og settir í stóran hermannaskála um nóttina, en leyfi var okkur gefið, að við mættum fara hvert við vildum um bæinn, en kl. 9 yrðum við að koma til skálans. Þetta þótti nú dýrmætt. Eg og 3 aðrir héldum hóp. Það var það fyrsta, að finna stað, sem hægt væri að fá nokkuð almennilegt að eta, svo sem góða nautasteik ásamt kartöflum og kálhöfðum; samt varð okkur ekki erfitt að finna þann stað. En nú kom nýr þröskuldur í veginn: Enginn í húsinu skildi ensku, það var að eins franska, sem brúkandi var. — Jæja, við létum okkur ekki mikið verða um vert, en reyndum að biðja um matinn á frönsku og gekk það þolanlega. Það leið ekki á löngu, þar til maturinn kom, vel til reiddur. Frúin, sem bar á borð, spurði, hvort það væri nokkuð meira, sem hún gæti gjört fyrir okkur, og sögðum við rétt í gamni, að það væri ekki, nema ef hún gæti látið okkur fá flöskuáfengi; hún svaraði engu en fór; en hún kom að vörmu spori aftur með flöskuna, sem feginsamlega var þegin, þó engir af okkur vær drykkjumenn; en það var tilbreyting, að hafa vín með matnum. Það var óspart gjört að gamni sínu, bæði sín á meðal og húsráðanda, en það var víst ekki "first class" franska, sem töluð var! Þú hefðir átt að vera kominn til að heyra það hrognamál; þér hefði víst þótt gaman að. Þarna sátum við þangað til að klukkuna vantaði 15 mínútur í 9; það var að eins 5 mínútna gangur til skálans. Við borguðum fyrir matinn og pöntuðum morgunmat kl. 6 næsta morgun. Ekki komumst við nema ofan í hálfa flöskuna, en báðum konuna fyrir hana til morguns, því að við vildum ekki láta neinn vita af því af félögum okkar. Til skálans komum við í tíma, og voru þá flestir komnir og sumir vel nestaðir fyrir nóttina; en samt sem áður gjörðu menn litinn hávaða og reyndu að láta sem minst á sér bera. Að endingu kom svefninn og kyrð næturinnar, sem hjálpuðust til að koma mönnum í værð. Nóttin leið oð dagurinn tók hennar pláss, og sem lét ekki lengi á sér standa, að lýsa upp himinhvolfið og hauðrið og færa líf og yl yfir það, sem líf hefir. Svo nú fóru verur þær, sem í skálanum voru, að fara á kreik og flýta sér út til að anda að sér hreinu, svalandi morgunloftinu, og lauga andlit sín í svalandi berglind, er var þar stutt frá. Kl. 6 um morguninn komum við til þess staðar, er við orðuðum morgunmatinn kveldið fyrir; hann var allareiðu tilbúinn og við þurftum svo sem ekkert að bíða. Við höfðum ágætan morgunverð og þegar við vorum búnir að borða, fórum við til baka til skálans, og bjuggum okkur undir að vera til nær sem kallað væri til burtferðar. Það var alveg furða, hve hver og einn psssaði sig að vera kominn í tíma. Nú kom loks stundin, að lagt yrði af stað á ný. Við gengum til brautarstöðva og fórum í vagnana ennþá einu sinni. Þá var loks lagt af stað og haldið stanslaust áfram til kl. 11; þá var stansað og okkur sagt að fara af lestinni. Þar voru allir vellir þaktir með herbúðir. Og var okkur sagt, að við hefðum hér miðdagsverð. Svo var okkur fylgt og við teknir yfir á slétta grund, er þar var. Þar fengum við heitt te og "stew", er við köllum "malkean". — Þegar búið var að borða, var okkur tilkynt að kæmu mótorvagnar, sem tækju okkur til þess staðar, er við ættum að staðnæmast á. Nú var beðið þar til kl. 2; þá komu vagnarnir og voru þeir fyltir í skyndi og haldið af stað. Eftir að við höfðum farið áfram svo sem klukkutíma, fór að sjást hver stórbyssan eftir aðra. Menn fóru að spyrja hver annan, hvert væri verið að fara með okkur; en allir voru jafn fróðir. Það var haldið áfram og alt af jukust smellir stórbyssanna. Loks var stansað og okkur sagt að fara úr vögnunum. En okkur brá heldur en ekki í brún, er við sáum hvert "batterið" eftir annað, spúandi logandi, og þá ekki sízt, er sprengikúlur óvinanna sprungu bæði í loftí og alt í kringum okkur, svo menn og hestar, er þar voru á ferð, tættust í sundur í tugatali. Hér var okkur sagt, að við yrðum að búa okkur náttstað og hver maður að grafa sér gryfju. Það var tekið til óspiltra málanna; hver fór að hugsa um sig. En rétt þegar við vorum að byrja, kom skipun um, að koma til baka svo sem fjórða hluta úr mílu, og stóð ekki lengi á því, að þeirri skipun væri hlýtt. Þegar þangað kom, voru þar gamlar skotgrafir, er Þýzkir höfðu haft áður. Þar röðuðum við okkur í og tókum til að grafa okkur hreysi til að liggja í yfir nóttina. En nú var myrkrið að detta á; en samt sem áður gátum við gjört svo stórar holur, að við gætum legið í þeim yfir nóttina og verið óhultir fyrir sprengikúlum, þó þær springju yfir okkur. Ekki varð svefninn vær þá nótt, því um kl. 10 um kveldið fóru Þjóðverjar að senda okkur gas-"shells"; þar af leiðandi urðum við að vaka alla nóttina.

Næsti morgun rann upp friður og fagur. Morgunmat höfðum við kl. 7, kl. 9 vorum við kallaðir saman og haft nafnakall; allt var eins og það átti að vera; og um leið var okkur tilkynt, að það yrði ekki byrjað á verki þann dag, það yrði næsta morgun. Okkur var sagt, að reyna að búa sem bezt um okkur; það væri nóg af timbri og ýmsu efni, sem hver gæti notað eftir vild og þörfum. Tveir og tveir tóku sig saman að gjöra skýli. Eg og annar maður gjörðum okkur skýli saman, sem var rétt þægilegt fyrir tvo, og sem við vorum ánægðir með. Þegar kl. var 2 um daginn, kom Sergeant-Major að spyrjast fyrir um menn á meðal vor, sem skerptu sagir. Sagðist eg gjöra það og annar maður sem þar var. Hann tók niður nöfn okkar. Það var skógarvinna, sem við ættum að vinna. Það var braut í gegnum skógarbeltið, sem við áttum að gjöra eða höggva og loggaleggja, til að geta náð út stórum þýzkum byssum, sem Bretar tóku af þeim í júlí. Þar sem við vorum var alt svæðið nýlega tekið af Bretum frá Þýzkum og þeir hraktir burt; en alt af létu þeir sprengikúlum rigna yfir svæðið, sem þeir höfðu mist. En þeir fengu það margfalt borgað og voru víst oft mjög illa leiknir.

Jæja, þá er nú ekki að orðlengja það meir.

Næsta morgun kl. 9 var farið til vinnu út í skóg. Eg og hinn maðurinn vorum kyrrir, þar sem við vorum að skerpa sagirnar. Klukkan 12 komu piltar aftur án þess að slys yrði. Eftir miðdag lögðu þeir af stað aftur, en komu óðara til baka. Þjóðverjar létu þá dynja svo harða skothríð á skóginn, að það voru engin tiltök að vera við vinnu, svo vinnan var búin þann daginn. Næsta morgun var lagt af stað aftur og unnið til kl. 12, og svo aftur lagt af stað í sama mund og daginn fyrir; en það fór á sömu leið og áður, nema hvað þeir komust ekki nema hálfa leið og höfðu 7 menn særða, þar af var einn Captain. Næsta morgun var enn lagt upp. Háttstanðandi brezkur yfirmaður kom til þeirra í skóginn, að líta yfir verkið og segja fyrir, hvernig það skyldi gjört, og hann setti þeim fyrir 100 yards á dag að loggaleggja: þegar þeir væru búnir að því þá væri þeirra dagsverk búið. Þetta þótti ágætt. Næsta morgun var breytt til og farið á fætur kl. 5; morgunverður kl. 5.30 og lagt af stað til vinnu kl. 6. En piltar komu til baka kl. 11; voru þá búnir. Þýzkarar byrjuðu vanalega að senda sprengikúlur yfir skóginn, þar sem vinnan var þetta kl. 2, og héldu því áfram í 2 kl.tíma. Verkið gjörðum við á rúmum 5 vikum og þótti fljótt gjört. Á því tímabili mistum við 16 menn úr þeim hóp, sem var sendur að heiman, eða réttara sagt að norð-

Jæja, kæri vin, eg verð að fara fljótt yfir sögu, þar eg á margt eftir sagt enn. Okkur var tilkynt einn morgun, að verkið væri búið, og að við yrðum sendir til baka norður. Það kom okkur ekkert á óvart og við grétum það ekki, að skilja við þennan stað. Þegar við vorum ferðbúnir, þá kom brezkur yfirforingi að þakka okkur fyrir verkið, og þeytti hann upp svo miklu moldviðri af hóli og lofi fyrir að koma þessu verki í gegn á svo stuttum tíma og annari eins hættu, sem verkið var unnið undir, og hann gat þess, að við mundum aldrei á æfi okkar hafa unnið í skógi, sem hefði verið eins mikið af "schrapnels" og járnabrotum í trjánum.

Hinn 24. lögðum við af stað norður. Það komu mótorvagnar og tóku okkur til járnbrautastöðva; þar fórum við í vagnana. Eftir að við höfðum verið hálfan þriðja sólarhring í vögnunum stönsuðum við í bæ. Þar var okkur tilkynt, að félagar okkar væru á leiðinni suður og allur Canada herinn, ein og tvær "divisions", og áformað væri að fara þangað, sem við komum frá, sem var við Somme. Yfirmenn okkar fundu þáð út, að næsta morgun myndu þeir koma til þess bæjar, sem við vorum í nú; bezt myndi því vera, að bíða hér kyrrir til morguns, og svo þegar þeir kæmu, þá gæti hver sameinast sinni deild, er þeir færu fram hjá um morguninn. Svo það var afráðið, að hafa það svona. Næsti morgun rann upp; gott og fagurt veður; kl. 8 um morguninn fóru herdeildirnar að koma inn til bæjarins; en það var ekki fyrri en kl. 9, að mín deild fór fram hjá, og um leið sætti eg tækifæri að sameinast henni. Þann dag gengum við 8 mílur til staðar, er við héldum til í viku. En þá viku vorum við á hræfingum. Eftir að vikan var liðin, lögðum við enn af stað áleiðis, og gengum um 10 mílur til bæ'ar eins; þar fórum við í járnbrautarlest og ferðuðumst með henni frá kl. 2 til 10 um kveldið. Þá fórum við af lestinni og gengum um 4 mílur til bóndabýlis; þar vorum við í tvo daga. Ennþá einu sinni var lagt af stað og þann dag fórum við 16 mílur; við komum þá þangað sem herbúðir voru og þar vorum við til næsta morguns. Ennþá var haldið af stað og farið 8 mílur. Og nú vorum við komnir til Somme, 5 mílur frá fremstu skotgröfunum. Þar vorum við við æfingar, þar til 14. september, að við fórum inn til skotgrafanna um nóttina. Næsta morgun þann 15. var slagurinn, sem eg hefi getið um við þig að framan, og þann dag særðist eg, og afleiðingin af því er sú, að eg er enn á sjúkrahúsi á Englandi.

Eg skal geta þess, að allan þann tíma, sem eg var suður frá á þessu ferðalagi, var hvergi hægt að fá pappír og umslög og því síður frímerki. Bréf til manns fóru á ringulreið; sum fékk maður seint en sum hefir maður ekki fengið enn þann dag í dag. Og eins býst eg ekki við, að sjá neitt af því, sem mér verður sent, hvorki bréf né annað, sem áritað er til Frakklands. Þar eð eg er "stuttur" af pappír, verð eg að hafa það svona, að skrifa báðu megin á blaðið. Síðan eg kóm hingað, hefi eg ekki getað fengið frímerki. Eg hefi dálítið af peningum, en þeir eru í franskri mynt, en hefi ekki haft tækifæri til að fá þeim skift í enska peninga. En nú í morgun hitti eg mann, sem gat skift fyrir mig einum fránka, svo eg gæti keypt frímerki. Eg hefði verið búinn að rita þér fyrri, hefði þetta ekki staðið í vegi. Meiri partinn af þessu bréfi er eg búinn að skrifa fyrir viku síðan.

Jæja, þá held eg, að eg slái í botninn og segi þér að vera blessuðum og sælum, með beztu óskum til þín og þinna. Eg bið kærlega að heilsa konunni og börnunum þínum.

Þinn Kristján.

* * *

P.S.—Eg bið þig að fyrirgefa klórið og lesa í málið, og þú ferð með þetta bréf eftir því sem þér sýnist. Eg skal geta þess, að mér líður vel og er á góðum batavegi; en hvað eg verð lengi hér, veit eg ekki.

Þinn sami. Kristján.

Plógurinn nýji.

Vér köllum það "plóginn nýja", en það er þó ekki alveg réttnefni. Því að þetta, sem hér er um að tala, er auka-verkfæri, sem fest er á plóginn og vinnur svo, að plógurinn gjörir mörg verk í einu: hann plægir og diskar og herfir, svo að sá má á eftir plæginghnni, og gjörir þetta svo vel og vandlega, að menn hafa ekki séð þess dæmi áður.

Þetta er algjörlega ný uppfinding til að festa á plóga og kallast á ensku: "Steel Toothed Roter" (stáltentur hringfari), sem festur er hæg'a megin á plóginn, og er neðri endinn festur aftan við skerann, en hinn efri efst á moldborðið; upp úr honum stendur ás með tannahjóli á efri enda og snýr honum lítil gasolinvél 500 snúninga á mínútunni. Þegar plægt er, tekur verkfæri þetta við strehgnum og tætir í smágnir mold og strá eða gras og rætur, svo að það verður alt smátt eins og neftóbak, er það fellur niður á akurinn. Ef að menn vilja, geta menn haft sáðvél aftan í plógnum og sáð akurinn jafn óðum og hann er plægður; því að akurinn er þá í hinu allra bezta lagi til að sá í hann hverju sem menn vilja. Hann er þá jafnvel undirbúinn eins og hann hefði verið diskaður, herfaður þvert og endilangt og pressaður að auk.

En svo er það aftur athugandi, að illgresi, gras, strá og mest annað, sem vanalega liggur eða grær á ökrunum, hefir í sér næringu fyrir jurtirnar og þarf því að komast niður í moldina til að fæða hinar gróandi plöntur. Menn plægja þetta niður í jörðina og þykjast vel gjöra; en þegar strengnum er snúið við, þá er þessi fæða hinna ungu jurta öll lögð á einn stað, 5—8 þumlunga djúpt í moldinni, og þar liggur það ómulið í sundur eins og lík í kyrkjugarði. En nú mun meiri hluti rótanna í hinum nýju plöntum sjálfan fara lengra niður en 3 og hálfan þumlung undir yfirborð akursins, og meðan menn hafa þennan gamla sið, að plægja, diska og herfa, þá kemur þessi hinn nýji áburður hinum ungu rótum ekki að fullum notum, eða eins og vera mætti, með þess ari nýju aðferð. Því að hún gjörir gras og strá og tágar að dufti og

FJÓS MÁLAÐ MEÐ
Stephens'
Fjós og Kornhlöðu Máli
Endist Lengst

dreifir því jafnt um alla lausu moldina. Þarna rotnar það miklu fyr, en ef það væri ómulið sundur og veitir jörðinni mikið meira frjómagn en annars mundi. Og þegar mykju eða áburði öðrum er dreift ofan á akurinn, þá geta menn séð það, að með þessu verkfæri blandast áburðurinn jafnt um allan akurinn og verður að næringu fyrir hinar hungruðu rætur hinna ungu planta.

— — Vér höfum tekið smágrein þessa úr merku mánaðarrti í Bandaríkjunum (World's Work), nóvemberblaðinu þetta ár. Þetta mun vera alveg nýtt; en nýjar uppfindingar breiðast fljótlega út á þessum tímum og geta þeir, sem vilja fengið sér betri upplýsingar hjá ritstjórn tímarits þessa. Ritgjörðin segir að menn séu farnir að nota verkfæri þetta og gefist það ágætlega.

Ritstj.

Gamalt bréf

Assyríu-fræðingurinn nafnkendi, Dr. Stephen Langdon, fann nýlega bréf eitt, sem skrifað var 2,200 árum fyrir Krist, og er hann las bréfið varð hann þess vísari, að það var skipun höfðingja eins til undirmanns eða landseta sins, að senda sér svo og svo mikið af hveiti. Bréfið var ritað á steintöflur tvær, og voru þær lagðar saman og læstar með steinlími og þurfti hamar og meitil til að opna bréfið. Bréfið var á Akkadian-Sumerian máli, sem útdautt er fyrir fleiri þúsund árum. En Dr. Langdon er einhver hinn frægasti fræði maður á Sumerian tungu og les hana og skilur eins og við lesum útlent mál.

KAUPIÐ

Heimskrin glu

Nýtt Kostaboð

Nýir kaupendur að blaðinu, sem senda oss fyrirfram eins árs andvirði blaðsins, oss að kostnaðarlausu, mega velja um þRJÁR af af eftirfylgjandi sögum í kaupbætir:

"Sylvía"
"Hin leyndardómsfullu skjöl"
"Dolores"
"Jón og Lára"
"Ættareinkennið"
"Lára"
"Ljósvörðurinn"
"Hver var hún?"
"Forlagaleikurinn"
"Kynjagull".
"Bróðurdóttir amtmannsins"

Sögusafn Heimskringlu

Eftirfarandi bækur eru til sölu á Heimskringlu, — meðan upplagið hrekkur. Sendar póstfrítt hvert sem er:

Sylvía	$0.30
Bróðurdóttir amtmannsins	0.30
Dolores	0.30
Hin leyndardómsfullu skjöl	0.40
Jón og Lára	0.40
Ættareinkennið	0.30
Lára	0.30
Ljósvörðurinn	0.45
Hver var hún?	0.50
Forlagaleikurinn	0.55
Kynjagull	0.35